

9. bekkur stærðfræði kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Sigurlaug Ragna Guðnadóttir

9

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Eftirfarandi viðfangsefni verða tekin fyrir fram að áramótum:

TALNAREIKNINGUR:

- Prósent
- Veldi og ferningsrót
- Tugveldi og tölur á staðalformi
- Talnamengi

FÖLL

- Línuleg föll
- Gröf og formúlur fyrir beinar línur
- Empírísk og ólínuleg föll

MÁL OG MÆLIEININGAR:

- Tímaútreikningur
- Mælieiningar
- Námkvæmni í námundun
- Hlutfallareikningur
- Samsettar einingar

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Stika 2a nemendabók

Stika 2a æfingahefti

Hugtök í stærðfræði

Efni frá kennara

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða notaðar og reynt að höfða til hvers og eins með einstaklingsmiðuðu námi.

Einstaklingsvinna, hópavinna, samvinnunám, þrautalausnir, vinnubókarvinna, sjálfstæð skapandi viðfangsefni

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Námsmat verður jafnt og þétt yfir allt tímabilið.

Leiðsagnarmat, símat, jafningamat, sjálfsmat, kannanir, frammistaða í kennslustundum.

GF stærðfræði 9. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll.

GF stærðfræði 9. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Valið og notað margvisleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar.

GF stærðfræði 9. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleyðir, m.a. með notkun upplýsingatækni.

GF stærðfræði 9. bekkur - Tölur og reikningur

- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni í þeim tilgangi.

GF stærðfræði 9. bekkur

- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.
- Undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni.
- Sett fram einföld rúmfræðileg rök og túlkað með rúmfræði.

GF stærðfræði 9. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu.
- Túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær.